# Re: Breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá - Beiðni um umsögn

| | |
|---|---|
| Búið til | 9.6.2020 15:18:25 |
| Höfundur | Trausti Baldursson |
| Sent | 9.6.2020 15:18:24 |
| Tilheyrir | 202005-0041 - Breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá - Beiðni um umsögn |

## Efni

Re: Breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá - Beiðni um umsögn

## Upplýsingar / Vinnsla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sent | 9.6.2020 15:18:24 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is) |
| Til | jonsmari@skipulag.is |

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202005-0041 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 20. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun fyrir breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að matsáætlun og telur að tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar og þeim umhverfisþáttum sem fjalla þarf um í matinu. Fyrirhuguð breikkun fylgir núverandi veglínu og valkostir því ekki margir en þó nokkuð um útfærslu kosti eins og kemur vel fram í tillögunni. Hvað gagnaöflun varðar þá er m.a. bent á gögn sem voru unnin 2008 og að einnig verði nýrri gögn skoðuð sbr. t.d. umfjöllun um fugla og vatnalíf bls. 37-38. Með hliðsjón af staðsetningu framkvæmdarinnar og að hún fylgir eldri veglínu má ætla að ekki hafi orðið miklar breytingar síðustu árin en einnig liggja nú fyrir vistgerðakort sem gefa betri mynd af lífríki á svæðinu þ.m.t. fuglalífi. Vanda þarf sérstaklega hönnun og staðsetningu vegar svo og vinnu við framkvæmdir á votlendissvæðum, þ.e. við ár og annað votlendi, og einnig útfærslur vegarins við Rauðhóla, en til stendur hjá Reykjavíkurborg að deiliskipuleggja það svæði innan tíðar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)

---

**From:** "Jón Smári Jónsson" <jonsmari@skipulag.is>
**To:** "usk@reykjavík.is" <usk@xn--reykjavk-i2a.is>; "olof.orvarsdottir@reykjavik.is" <olof.orvarsdottir@reykjavik.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "kristinn@mos.is" <kristinn@mos.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is" <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>; "arny.sigurdardottir@reykjavik.is" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; "thorsteinn@eftirlit.is" <thorsteinn@eftirlit.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>
**CC:**
**Subject:** Breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá - Beiðni um umsögn
**Date:** 20.5.2020 13:03:51

Heil og sæl,

Í viðhengi er greinargerð tillögu að matsáætlun varðandi fyrirhugaða tvöföldun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá, Reykjavík og Mosfellsbæ.

Tillaga að matsáætlun hefur verið póstlögð ásamt umsagnarbeiðnum. Umsagnarfrestur er til 8. júní 2020. Óskað er að umsögn berist einnig á póstföngin jonsmari@skipulag.is (mailto:jonsmari@skipulag.is) og egill@skipulag.is (mailto:egill@skipulag.is)

Bestu kveðjur,

---

**Jón Smári Jónsson**
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
jonsmari@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

## Viðhengi

| |
|---|
| image001.gif (2 KB) |
| image001.gif (2 KB) |